

AUGLÝSING um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsþærjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Kársnesskóli. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarráð Kópavogsþærjar samþykkt þann 8. ágúst 2019 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir nýbyggingu Kársnesskóla, Skólagerði 8. Áætlað er að fyrirhuguð nýbygging verði um 5.500 m² að flatarmáli og að meginbyggingin verði á tveimur hæðum en þrjár hæðir að hluta. Í skólabyggingunni verður samrekinn leik- og grunnskóli ásamt frístund fyrir um 400 nemendur. Miðað er við að aðkoma verði frá Skólagerði og Holtagerði.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Smáinn vestan Reykjanesbrautar. Reitir A05 og A06. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarráð Kópavogsþærjar samþykkt þann 8. ágúst 2019 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir reiti A05 og A06 í Smáranum vestan Reykjanesbrautar. Í breytingunni felst sameining tveggja lóða á svæðinu og endurskoðun byggingarreita. Áfram er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun á svæðinu þ.e. atvinnuhúsnæði með skrifstofu- og verslunarrekstri með íbúðum á efri hæðum í húsum sem verða 1-5 hæðir. Hæðarskil húsa er leiðbeinandi. Fyrirhugað byggingarmagn á reitunum er óbreytt miðað við gildandi deiliskipulag. Fjöldi bílastæða er óbreyttur miðað við gildandi deiliskipulag en fyrirkomulag þeirra breytist.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 18. september 2019.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. september 2019